



Ársskýrsla 2014

Helga Kristín Kolbeins skólameistari, febrúar 2014



Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| 1. Upplýsingar um FÍV 2014 | 2 |
| Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna | 2 |
| Námsframboð | 2 |
| Umbótaþættir eftir sjálfsmat | 2 |
| Úttektir | 2 |
| Afkoma, rekstrarstaða | 2 |
| Brottfall | 2 |
| Stjórnun | 3 |
| Samvinna við aðra | 3 |
| Sérstakar áherslur/sérsvið skólans | 3 |
| 2. Nemendur | 3 |
| Fundir og viðburðir sem snúa að nemendum | 4 |
| 3. Námið | 4 |
| 4. Kennsla og stjórnun | 5 |
| Menntun kennara og stjórnenda | 5 |
| Starfsaldur kennara og stjórnenda | 6 |
| 5. Mat og framkvæmd markmiða | 6 |
| 6. Rekstur og fjármál | 8 |
| 7. Samstarf | 11 |
| 8. Viðauki með talnaefni | 12 |

Ársskýrsla Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum, FÍV, greinir frá helstu þáttum skólastarfsins á árinu 2014.

1. Upplýsingar um FÍV 2014

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna

Á vorönn voru nemendur 230, en 260 á haustönn. Starfsmenn eru 39 í 30 stöðugildum. Húsnæði skólans er 3170 m². Ársnemendur skv. fjárlagafrumvarpi 2014 eru 240.

Námsframboð

Skólinn býður nám til stúdentsprófs á fimm brautum þar stunda 62,5% nemenda nám. 19% nemenda eru almennri námsbraut. Á starfsbraut fyrir fatlaða eru 2% nemenda og 16,5% nemenda stunda nám á verknámsbrautum.

Umbótaþættir eftir sjálfsmat:

Auka þarf kynningu á því námsframboði sem er við skólann. Minnka brottfall. Ná að reka skólann skv. fjárhagsáætlun.

Úttektir

Úttekt á kennslu áfanga hjá kennurum, miðannarmat áfanga og lokauppgjör. Áfangamat var framkvæmt á haustönn.

Afkoma, rekstrarstaða

Staða í lok árs 2014 var rekstrarhalli upp á 8.546.704 milljónir króna.

Brottfall

Reiknað út frá áfangalistum er brottfall 11,0% á vorönn og á haustönn 5,8%.

Á vorönn hættu 36 einstaklingar námi en á haustönn hættu 7 einstaklingar í námi.

Stjórnun

Á vorönn var stjórnunin á höndum skólameistara, aðstoðarskólameistara og áfangastjóra. fjármálastjóra (samtals 3,29 stöðugildi). Á haustönn skiptu skólameistari og aðstoðarskólameistari með sér störfum áfangastjóra. Auk skólameistara voru aðstoðarskólameistari og fjármálastjóri (2,75 stöðugildi).

Samvinna við aðra

Samvinna við stærðfræðikennara í grunnskóla Vestmannaeyja í kjölfar úttektar á stærðfræði. Samvinna við grunnskólann í Vestmannaeyjum vegna afburðanemenda í 10. bekk. Samstarf við ÍBV Íþróttafélag vegna íþróttakademíu og Nýsköpunarmiðstöð vegna FabLab stofu. Samstarf við Tallin Russian Central Gymnasium, Eistlandi til að efla menntun kennara í stærðfræði og raungreinum. Samstarf við samtök sunnlenskra sveitarfélaga um menntun og fræðastarf á Suðurlandi.

Sérstakar áherslur/sérsvið skólans

Aðaláherslur snúast um að þjóna nemendum í Eyjum eins vel og hægt er. Fjölbreytt námsframboð og góð tengsl við foreldra, félög og fyrirtæki í Eyjum, eru aðalatriði í þeirri viðleitni.

2. Nemendur

Á vorönn 2014 voru nemendur um 230 og á haustönn 2014 voru þeir um 260. Meirihluti nemenda skólans eru úr Vestmannaeyjum. Kynjaskipting er nokkuð jöfn en drengirnir eru þó heldur fleiri (53,14%). Yfir 90% nemenda eru yngri en 25 ára og tæp 65% 18 ára og yngri. 31,4% nemenda glíma við námshindranir af ýmsum toga.

Brottfall var mikið á vorönn, við höfum tekið eftir því að brottfall á vorönn er ætíð mun meira en á haustönn. Þegar rýnt er í ástæður þess, kemur í ljós að vinna með skóla verður í forgangi hjá nemendum og þeir hætta námi og margir hætta í einstaka áföngum.

Á haustönn var ráðist í átak gegn brottfallinu, strax við skólasetningu var fundað með nemendum og forráðamönnum þeirra um mikilvægi þess að setja námið í forgang. Haldinn var sérstakur fundir með forráðamönnum um mikilvægi þess að nemendur stundi námið vel. Ráðinn var umsjónarkennari í 25% stöðu og hélt hann fundi bæði með nemendum og forráðamönnum og var utanumhald mun meira en áður. Námsráðgjafi vann námið með umsjónarkennara. Á vorönn voru 27% nemenda með yfir 90% raunmætingu en á haustönn voru það 38% nemenda.

Fundir og viðburðir sem snúa að nemendum:

Í mars var Marita-fræðslan sem fjallaði um skaða vímuefna fyrir alla nemendur og foreldra. Á haustönn komu læknanemar og voru með kynfræðslu fyrir fyrsta árs nema. Eyjólfur Örn Jónsson sálfræðingur og Þórir Ingvarsson lögreglumáður voru með fræðslu fyrir nemendur og aðstandendur um hættur alnetsins í október.

Skapandi dagar voru með hefðbundnu sniði í lok febrúar en fækkað um einn sökum yfirvofandi verkfalls. Gönguferð yfir Fimmvörðuháls í byrjun haustsins var vel sótt.

Nemendur tóku þátt í Snilldarlausnum Marels á vorönn og í Boxinu framkvæmdakeppni Framhaldsskólanna í haustönn og í báðum keppnum unnu þeir til verðlauna.

Árlegur kynningarfundur fyrir nýnema haustannar og forráðamenn var í byrjun haustannar.

3. Námið

Skólinn rekur verknáms- og bóknámsbrautir, auk starfsbrautar. Á árinu 2014 voru nemendur skráðir á 17 mismunandi brautir. Skipting nemenda á brautir var svipuð og undanfarin ár, Félagsfræði- og náttúrufræðibrautir eru með flesta nemendur, samtals 59% nemenda, almenn braut er með 15,5% og verknámsbrautir 18,6% .

Á árinu 2014 voru 42 nemendur útskrifaðir frá skólanum. 32 með stúdentspróf, 4 sjúkraliðar, 1 vélstjóri með B-réttindi og 2 af grunndeild rafiðna og 3 voru útskrifaðir af starfsbraut fatlaðra.

4. Kennsla og stjórnun

Kennsluhættir í skólanum eru fjölbreyttir, námið er bæði bóklegt og verklegt. Nemendur hafa misjafna námsgetu. Mikil vinna er lögð í að mæta hverjum og einum, með framboði fjölbreyttra kennsluaðferða. Kennararnir láta nemendur hafa kennslu- og námsáætlun í öllum áföngum sínum, þar sem kemur fram hvernig kennslu og námsmati er háttað. Í flestum áföngum eru lokapróf, en vægi þeirra er frá 30%-70%. Flestir kennarar nota námsvef og samfélagsmiðla til að styðja við áfangana og vera í betra sambandi við nemendur.

Á árinu 2014 voru að jafnaði 39 starfsmenn í 30 stöðugildum. Í kennslu, stjórnun og námsráðgjöf voru 27 (14 karlar og 13 konur) og í öðrum störfum voru 12 (1 karl og 11 konur). Dagleg stjórnun skólans var á vorönn í höndum skólameistara og tveggja aðstoðarstjórnenda. Á haustönn skiptu skólameistari og aðstoðarskólameistari á með sér starfi áfangastjóra. Engir millistjórnendur eru í skólanum, en kennarar eru stundum ráðnir í einstök verkefni, s.s. stundatöflugerð. Námsráðgjafi er í 60% starfi, fjármálastjóri er í 75% starfi sem og kerfisstjóri. Skólaritari, bókavörður og umsjónarmaður fasteigna eru í fullu starfi. Flestir starfsmenn eru með langan starfsaldur. Á haustönn var tekin sú ákvörðun að hverfa frá notkun opins hugbúnaðar þar sem hann reyndist ekki eins vel og vonir stóðu til. Tekinnvar upp hugbúnaður frá Microsoft.

Menntun kennara og stjórnenda

| Menntun kennara og stjórnenda | Í fullu starfi | | Í hlutastarfi | | Samtals | % |
|-------------------------------|----------------|-------|---------------|-------|---------|------|
| | Karlar | Konur | Karlar | Konur | | |
| Fagpróf | 1 | | 3 | | 4 | 14,8 |
| BA/BS | | | | 1 | 1 | 3,7 |
| BA/BS + viðbótarháskólanám | | 1 | | | 1 | 3,7 |
| Doktorspróf | | 1 | | | 1 | 3,7 |
| Fagpróf, kennsluréttindi | 1 | | | | 1 | 3,7 |

| | | | | | | |
|--|----|---|---|---|----|------|
| Fagpróf, kennsluréttindi, viðbótarháskólanám | | 1 | | | 1 | 3,7 |
| BA/BS, kennsluréttindi | 2 | | | 1 | 3 | 11,1 |
| BA/BS, kennsluréttindi, viðbótarháskólanám | 6 | 2 | | 4 | 12 | 44,4 |
| Meistarapróf, kennsluréttindi | 1 | 2 | | | 3 | 11,1 |
| Samtals: | 11 | 7 | 3 | 6 | 27 | |

Starfsaldur kennara og stjórnenda

| Starfsaldur kennara og stjórnenda | Í fullu starfi | | Í hlutastarfi | | Samtals | % |
|-----------------------------------|----------------|-------|---------------|-------|---------|------|
| | Karlar | Konur | Karlar | Konur | | |
| 0-5 | | 4 | 3 | 5 | 12 | 44,4 |
| 6-10 | 2 | | | 2 | 5 | 18,5 |
| 11-15 | 1 | | | | 1 | 3,7 |
| 16-20 | 1 | | | | 1 | 3,7 |
| 21-25 | 3 | | | | 3 | 11,1 |
| 26- | 4 | 2 | | | 6 | 22,2 |
| Samtals: | 11 | 6 | 3 | 7 | 27 | |

5. Mat og framkvæmd markmiða

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum notar stefnumiðað árangursmat við innra mat skólans og hefur tækið þá kosti helsta að það er auðvelt að aðlaga það breytingum sem verða í skólastarfinu á hverjum tíma. Skólanámskrá er greind í ákveðna þætti eftir viðfangsefnum, þeir settir í skorkort og markmið og mælingar á þeim ákveðin. Öflun gagna og tölfraeðileg úrvinnsla, þegar það á við er unnin í skólanum. Gögnin eru rýnd á stjórnendafundum og öðrum fundum starfsfólks. Eftir það eru tillögur um úrbætur settar fram. Að endingu eru settar upp helstu áherslur og gerð áætlun um matsverkefni og umbætur fyrir næstu skólaár.

Í 5 gr. skólasamnings Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum við Mennta- og menningarmálaráðuneytið er kveðið á um að skólasamningunum fylgi viðauki þar sem markmið skólans til næstu ára og einstök markmið næsta árs eru sett skipulega fram. Í viðauka skólasamningsins fyrir árin 2013-2015 eru sett fram fimm markmið.

1. Auka ánægju nemenda með námsframboðið.

Framkvæmd

Nemendur gerðir meðvitaðri um inntak námsbrauta með gerð námsáætlana þar sem þeir skipuleggja nám sitt. Náms- og starfsráðgjafi tekur viðtöl við alla nýnema ásamt forráðamönnum þeirra. Umsjónakennarar fara yfir námsval með nemendum.

Með nýrri námskrá á að auka ánægju nemenda með framboðið. Kynna þarf betur það námsframboð sem í boði er.

Námskráin er ekki tilbúin og kynning hefur ekki farið fram. Gert er ráð fyrir að námskráin verði tilbúin og komin inn í námskrárgrunn í mars 2015. Fundur með hagsmunaðilum um námsbrautir og námsframboð verður á vorönn 2015.

2. Draga úr brottfalli

Framkvæmd:

Forráðamenn ólögráða nema fá reglulega send yfirlit um ástundun nemenda. Haft er samband við þá nemendur sem ekki eru að stunda nám sitt, kennarar, náms- starfsráðgjafi auk stjórnenda, vinna markvisst að þessu og eru forráðamenn hafðir með í ráðum.

Með markvissum aðgerðum sem felast í auknu utanumhaldi hefur tekist að minnka brottfall. Halda þarf þeim aðgerðum áfram og fá fleiri mælingar.

3. Að framhaldsskólabraut með viðeigandi áfangalýsingum verði skráð í námskrárgrunn á vorönn 2013.

Samstarfsverkefni þriggja skóla er lokið og tók einn skólinn að sér að skráningu í námskrárgrunn.

4. Að auka jákvætt viðhorf nemenda til skólans

Framkvæmd:

Nemendur gerðir virkari í mótun skólastarfsins með því að halda skólafundi um mikilvæg málefni og meira samstarfi við nemendafélag skólans.

| Staðan 2012, upphafsstaða | 2013 |
|---------------------------|------|
| 72% | 75% |

5. Þarfagreining og kynning á starfsnámi og þá sérstaklega í málmiðngreinum verði lokið á haustönn 2013.

Framkvæmd:

Sérgreinakennari í málmiðngreinum fór á alla vinnustaði þar sem málmiðnaðarmenn starfa og fundaði með forsvarsmönnum fyrirtækjanna og starfsmönnum.

Lokið. Nemendum fjölgaði í kjölfar kynningar í málmiðngreinum .

6. Að virkja umsjónakennara í ríkara mæli og auka samvinnu við forráðamenn nema undir 18 ára aldri.

Framkvæmd þessa markmiðs hófst á skólaárinu 2013-2014 og standa mælingar yfir.

Eftirfylgni sjálfsmats

Skólinn setur niðurstöður sínar úr sjálfsmati fram í skorkorti og þegar markmiðin nást ekki er sett fram aðgerðaáætlun um hvað megi gera betur og hvernig. Þeir þættir sem eru ekki samkvæmt markmiðum sem við setjum, snúa að námsframboði og fjárhagsáætlunum skólans.

Námsframboðið er til sérstakrar skoðunar eins og fram kemur í viðauka við skólasamning.

Fjárhagsáætlanir eru erfiðar sökum sífell endurtekens niðurskurðar, en stöðugt er verið að huga að sparnaðarleiðum. Því miður þá er svo komið að það verður einungis gert með enn meiri niðurskurði.

6. Rekstur og fjármál

Rekstur skólans hefur verið erfiður undanfarin ár. Á skólasamningsfundi 24.02.2015 kom fram undir liðnum rekstrarmál að skv. rekstraáætlun átti að reka skólann innan fjárlaga og að ekki væri gert ráð fyrir að greiða niður uppsafnaðan halla en að gerð yrði langtíma áætlun um hvernig það ætti að gerast. Tímaramminn yrði tvö til þrjú ár. Undir sama lið kom fram að endurnýja þyrfti marga hluti og þætti í skólastarfinu. Niðurstaða rekstrarreiknings liggur ekki fyrir en um það bil 6,8% munur er á áætluninni sem skilað var fyrir árið 2014 og raunveruleikans. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum hafði á árinu 2014 skv. upplýsingum úr bókhaldskerfinu Orra fjárheimild upp á kr. 236.764.433 kr. en fékk greiðslur að upphæð 231.768.782 kr. **Gætt var ýtrasta aðhalds árið 2014 en það var ekki nóg.**

i) Launakostnaður var 6,12% yfir áætlun. Mikil og alvarleg veikindi hrjáðu og hrjá enn nokkra

starfsmenn. Þegar veikindalaun eru dregin frá launagreiðslum eru greidd laun 1,65% yfir áætluninni.

ii) Annar kostnaður var einnig yfir áætlun og eru skýringar þær að kostnaður var vanáætlaður og einnig varð að ráðast í kaup á vörum sem ekki var gert ráð fyrir í áætluninni fyrir árið.

a) Keyptir voru stólar í tvær kennslustofur og yfirdekkir í einni. Þeir stólar sem skipt var um voru ónýtir og hættulegir.

b) Keyptar voru tölvur. Tölvubúnaður skólans var frá árinu 2003 og löngu úreltur. Einnig var skipt um skjávarpa í stað þeirra sem voru ónýtir. Tekinn var upp hugbúnaður frá Microsoft í stað opins hugbúnaðar sem var að fullu reyndur og virkaði ekki sem skildi.

c) Innleidd var vinna við gæðahandbók, þar sem krafist er gæðavottunar á námi skólans til að hann geti haldið áfram að útskrifa nemendur af vélstjórnarbraut.

Til þess að standa straum af þessum kostnaði var notað lausafé stofnunarinnar. Í ársbyrjun 2014 var handbært fé stofnunarinnar 18.594.467 kr. en í árslok var það 5.384.684 kr.

Við lok á uppgjöri fjársýslunnar fyrir janúar 2014 til september 2014 var staða á bankareikningi stofnunarinnar 11.505.432kr. sem var 8.046.381 kr. umfram leyfileg 2% af fjárheimild ársins. Framhaldsskólanum var gert að skila þeirri fjárhæð til ríkissjóðs með bréfi dagsettu 03.11.2015 en hafði þegar notað hana til að kaupa fyrrgreindan búnað og greiða rekstrarkostnað stofnunarinnar. Það er ljóst að ef Framhaldsskólinn hefði ekki farið í þessar fjárfestingar sem voru löngu þarfar og eingöngu í þágu nemenda og bættrar kennslu þá hefði skólinn skilað þessu fé til ríkissjóð og verið án nauðsynlegs búnaðar en vissulega með betri stöðu á rekstraryfirliti. Efnahagur skólans í árslok hefði verið sá sami.

iii) Sértekjur og aðrar rekstrartekjur


Í áætlun ársins 2014 voru sértekjur og aðrar rekstrartekjur stofnunarinnar ofáætlaðar um rúm 28%.

2-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

ekstraráætlun 2015

| Helstu liðir | Spá um 2014 | Áætlun 2015 | Áætlun 2014 | Mism. kr | Mism % |
|-------------------------|----------------|----------------|----------------|-------------|-----------|
| 13 Aðrar rekstrartekjur | -5.616.573 | -4.940.292 | -2900000 | 2.716.573 | -48,37% |
| 11 Markaðar tekjur | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| 12 Sértekjur | -4.068.500 | -6.293.816 | -10.700.000 | -6.631.500 | 163,00% |
| Tekjur alls | -9.685.073 | -11.234.108 | -13.600.000 | -3.914.927 | 34,85% |
| 01 Laun | 202.847.407 | 209.053.459 | 191.148.980 | -11.698.427 | -5,77% |
| 02 Ferðir og fundir | 2.014.138 | 1.464.051 | 1.960.912 | -53.226 | -2,64% |
| 03 Rekstrarvörur | 3.960.263 | 3.414.606 | 2.820.000 | -1.140.263 | -28,79% |
| 04 Aðkeypt þjónusta | 7.354.275 | 6.882.667 | 4.600.000 | -2.754.275 | -37,45% |
| 05 Húsnæði | 31.915.380 | 32.052.550 | 31.150.000 | -765.380 | -2,40% |
| 06 Bifreiðar og vélar | 21.258 | 26.275 | 0 | -21.258 | -100,00% |
| 07 Rekstrarkostnaður | 6.243.801 | 5.613.772 | 1.494.243 | -4.749.558 | -76,07% |
| Rekstrarkostnaður | 254.356.522 | 258.507.380 | 233.174.135 | -21.182.387 | -8,33% |
| Mismunur | 244.671.449 | 247.273.272 | 219.574.135 | -25.097.314 | -10,15% |
| Tala til afstemmingar | #VALUE! | #VALUE! | | | |
| Til ráðstöfunar | | | | | |
| skv. fjárlögum | 229.000.000 | 268.500.000 | | | |
| frá fyrra ári | -9.591.651 | -17.498.667 | | | |
| annað | 7.764.433 | 6.871.440 | | | |
| Fjárheimildir alls | 227.172.782 | 257.872.773 | | | |

Rekstrarafkoma ársins -17.498.667 Halli 10.599.501 ##
Afgangur



7. Samstarf

Skólinn átti gott samstarf við marga á árinu, eins og undanfarin ár. Framhaldsskólinn og ÍBV íþróttafélag standa saman að íþróttakademíu, sem er vinsæl hjá nemendum og er mikilvæg í agauppeldi. Skólinn er tengdur Visku, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, ásamt þekkingarsetri Vestmannaeyja, sem tengir saman ýmsar rannsóknarstofnanir og aðrar stofnanir í Eyjum. Nýsköpunarmiðstöð Íslands í Vestmannaeyjum rekur FabLab setur og á gott samstarf við skólann, sem notar þessa aðstöðu töluvert til kennslu. Grunnskólinn í Eyjum skilar nær öllum nemendum sínum til FÍV og eðlilega vinna þessir skólar saman að velferð nemenda og gæðum náms í sameiningu.

Gert febrúar 2014

Helga Kristín Kolbeins skólameistari FÍV

8. Viðauki með talnaefni.

| Skipting nemenda eftir brautum, fjöldi | | | |
|---|--|-----------------|-------------------|
| Braut | Heiti brautar | Vor 2014 | Haust 2014 |
| AN | Almenn námsbraut | 6 | 25 |
| AN-bók | Almenn námsbraut- bóknámslína | 13 | 16 |
| AN-íþr | Almenn námsbraut - íþróttalína | 3 | 3 |
| AN-ver | Almenn námsbraut- verknámslína | 5 | 5 |
| FÉ | Félagsfræðibraut | 78 | 72 |
| GR06 | Grunnnám rafiðna | 5 | 1 |
| MB | Málabraut | 3 | 4 |
| MG | Grunnnám í málm- og véltækni | 4 | |
| NÁ | Náttúrufræðibraut | 67 | 73 |
| ÓTN | Ótilgreint nám | 4 | |
| SJ | Sjúkraliðabraut | 8 | 16 |
| SK1 | Skipstjórnarbraut SB, 45 metra skip | 8 | |
| STB | Starfsbraut | 6 | 5 |
| VSS | Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum | 2 | 5 |
| VH | Viðskipta- og hagfræðibraut | 3 | 8 |
| VA | Vélstjórnarnám A réttindi | 4 | 5 |
| VB | Vélstjórnarbraut B réttindi | 12 | 21 |
| | Samtals | 230 | 260 |

| Hlutfallsleg skipting eftir námsstöðu | | |
|--|-----------------|-------------------|
| Fjöldi lokinna eininga | Vor 2014 | Haust 2014 |
| 0-20 | 26,09% | 32,4% |
| 21-40 | 22,61% | 18,6% |
| 41-60 | 12,17% | 16,0% |
| 61-80 | 11,30% | 9,1% |
| 81-100 | 13,48% | 6,9% |
| 101-120 | 8,26% | 8,0% |
| 121-140 | 4,78% | 6,2% |
| 141- | 1,30% | 2,8% |

| Hlutfallsleg skipting nema eftir árgöngum | | |
|--|-----------------|-------------------|
| Árgangur | Vor 2014 | Haust 2014 |
| 1956 | | 0,41% |
| 1957 | 0,43% | |
| 1958 | 0,43% | |
| 1963 | 0,42% | |
| 1964 | | 0,41% |
| 1966 | 0,87% | 0,41% |
| 1968 | | 0,41% |
| 1970 | | 0,82% |
| 1972 | 0,87% | |
| 1973 | 0,87% | 0,41% |
| 1974 | 0,87% | 0,41% |
| 1975 | 0,43% | 0,82% |
| 1976 | | 0,41% |
| 1980 | | 0,82% |

| | | |
|------|--------|--------|
| 1981 | 0,87% | |
| 1983 | 0,43% | 0,41% |
| 1984 | 0,43% | 1,23% |
| 1985 | 0,87% | 0,82% |
| 1987 | 1,30% | 0,82% |
| 1988 | 0,43% | |
| 1989 | 1,74% | |
| 1990 | 1,74% | 0,82% |
| 1991 | 2,61% | 1,23% |
| 1992 | 3,04% | 2,06% |
| 1993 | 4,78% | 5,76% |
| 1994 | 10,00% | 6,17% |
| 1995 | 13,91% | 10,70% |
| 1996 | 23,91% | 19,75% |
| 1997 | 29,13% | 25,1% |
| 1998 | | 19,71% |

| Hlutfallsleg skipting nemenda eftir kyni | | |
|---|-----------------|-------------------|
| | Vor 2014 | Haust 2014 |
| KK | 58,26 | 53,14 |
| KVK | 41,79 | 46,85 |

| Fjöldi útskriftanema eftir brautum | | | | | | | | |
|------------------------------------|----|----|----|----|-----|-----|----|------|
| | FÉ | MB | NÁ | SJ | STB | VSS | VB | GR06 |
| Vor 2014 | 9 | | 4 | 4 | 3 | 2 | | 2 |
| Haust 2014 | 4 | 2 | 9 | | | 2 | 1 | |

| Hlutfall útskriftarnema eftir kyni | | |
|------------------------------------|-------|-------|
| | KVK | KK |
| Vor 2014 | 42,3% | 57,7% |
| Haust 2014 | 55,6% | 44,4% |

| | Kenndir tímar | Kenndir tímar í sérdeild m. álagi | Samtals tímar | Meðalfjöldi nemenda í hóp ¹ Allir hópar | Meðalfjöldi í hóp ² eingöngu bóknám |
|------------|---------------|-----------------------------------|---------------|--|--|
| Haust 2013 | 437,0 | 40,0 | 477,0 | 17,5 | 19,25 |
| Haust 2014 | 418,0 | 40,0 | 458,0 | 19,92 | 20,98 |

| Fjöldi nemenda í hóp ³ Bóknám og verknám | Fjöldi hópa 2011 | Fjöldi hópa 2012 | Fjöldi hópa 2013 | Fjöldi hópa 2014 |
|--|------------------|------------------|------------------|------------------|
| 5-10 | 17 | 27 | 17 | 8 |
| 11-15 | 10 | 14 | 16 | 12 |
| 16-20 | 12 | 19 | 21 | 19 |
| 21-25 | 23 | 18 | 19 | 26 |
| 26-30 | 11 | 17 | 10 | 7 |
| 30- | 0 | 1 | 2 | 5 |
| Samtals: | 70 | 81 | 85 | 77 |

¹ Hópar í sérdeild eru ekki taldir með

² Hópar í sérdeild eru ekki taldir með

³ Á haustönn